

Slys eða dauðsfall

Ef starfsmaður lendir í alvarlegu slysi sem veldur varanlegri örorku og skertri starfsgetu, mun Vestmannaeyjabær aðstoða hann við að ná fram öllum þeim réttindum sem hann á inni hjá sveitarfélaginu, hjá lífeyrissjóði hans og hjá hinu opinbera. Ef um dauðsfall starfsmanns er að ræða mun ekkja/ekkill eða aðrir nánir aðstandendur fá hina sömu aðstoð.

Við dauðsfall starfsmanns eru öll áunnin réttindi hans gerð upp og lögð inn á launareikning viðkomandi.

Frí vegna fráfalls

Samkvæmt kjarasamningum á starfsmaður rétt á **allt að** tveggja vikna fríi á venjubundnum launum ef nauðsyn krefur við fráfall nákomins ættingja/aðstandanda.

Nákominn ættingi/aðstandandi telst vera maki, börn, foreldrar, systkini og tengdaforeldrar.

Telji starfsmaður sér ekki unnt að sinna vinnu vegna annars áfalls en hér er tilgreint metur framkvæmdastjóri aðstæður og veitir svigrún eftir atvikum.

Vinnuslys eða annars konar slys er að öðru leyti vísað í kjarasamninga.

Samþykkt í bæjarráði Vestmannaeyja 10. september 2008